

STJÓRNARRÁÐSBRÉF

til biskupsins yfir Íslandi um nýja kirkjusókn í Ytri-Njarðvík.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 12. júlí s. l., varðandi tilmæli íbúa byggðarlagsins Ytri-Njarðvík í Njarðvíkurhreppi, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju í Ytri-Njarðvík, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Keflavíkursóknar og héraðsfundar Kjalarnesprófastsdæmis fyrir ráðstöfun þessari, samþykkir það, með vísun til tillagna yðar og 9. gr. laga nr. 31 4. febrúar 1952, um skipun prestakalla, að Keflavíkursókn verði skipt í tvær sóknir, Keflavíkursókn og Ytri-Njarðvíkursókn, þannig að sá hluti Njarðvíkurhrepps, sem er í Keflavíkursókn myndi nýja kirkjusókn í byggðalaginu Ytri-Njarðvík, enda haldi Keflavíkurkirkja eignum sínum óskertum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 189.

15. desember 1967.

STJÓRNARRÁÐSBRÉF

til biskupsins yfir Íslandi um nýja kirkjusókn í Árbæjarhverfi.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 22. f. m., varðandi tilmæli íbúa í þeim hluta Lágafellssóknar, sem er innan marka Reykjavíkurborgar, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju í Árbæjarhverfi, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Lágafellssóknar og héraðsfundar Kjalarnesprófastsdæmis fyrir ráðstöfun þessari, samþykkir það, með vísun til tillagna yðar og 9. gr. laga nr. 31 4. febrúar 1952, um skipun prestakalla, að Lágafellssókn verði skipt í tvær sóknir, Lágafellssókn og Árbæjarsókn, þannig að sá hluti Lágafellssóknar, sem er innan marka Reykjavíkurborgar, verði sérstök sókn, enda haldi Lágafellskirkja eignum sínum óskertum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 190.

19. desember 1967.

REGLUGERÐ

um barnavernd á Þingeyri.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Þingeyrarhrepps er börnum innan 14 ára aldurs bannað að vera á almannafæri eftir kl. 20.00 á tímabilinu 1. október til 15. apríl, og eftir kl. 23.00 á tímabilinu 16. apríl til 30. september, nema í fylgd foreldra sinna eða forráðamanna.